



Nýja IKEA® eldhúsið



→ skref fyrir

Þessi bæklingur leiðir þig áfram,
skref fyrir skref, við hönnun, mælingar,
kaup og uppsetningu á nýja IKEA
eldhúsinu þínu.

skref →




Hér byrjar þú



á nýja IKEA®
eldhúsinu

Hjá IKEA færðu allar þær vörur sem þú þarft til að gera draumaeldhúsið að veruleika. Hvort sem eldhúsið er stórt eða lítið þá bjóðum við upp á breitt úrval af vel hönnuðum og samstilltum eldhúsvörum sem falla að þörfum þínum, stíl og persónu. Þar að auki höfum við hannað eldhúsin þannig að þú getur sett þau saman sjálf/ur.



Við vitum að þetta er flókið ferli með mörgum möguleikum og ákvörðunum sem þarf að taka. Til að gera ferlið eins auðvelt og stresslaust og hægt er þá erum við með ráðgjafa í versluninni sem ráðleggja þér og aðstoða við ákvarðanatökuna. Við bjóðum einnig upp á ýmsar aðrar þjónustu ef þig vantar meiri aðstoð. **Nánar um þjónustu á bls. 15.**

Við vitum líka að eldhús kosta. Þú getur greitt með þeim hætti sem hentar þér best. Við tökum við reiðufé, debetkortum og VISA og MASTERCARD kreditkortum. Þar að auki standa kreditkorthöfum til boða raðgreiðslulán og vaxtalaus lán. Þannig getur þú dreift stærri upphæðum og greitt ákveðna upphæð mánaðarlega. **Nánar á bls. 15.**

bls.6

Finndu þinn stíl

Taktu þér tíma í að dreyma. Hvernig lítur draumaeldhúsið þitt út og hvað þarf að vera í því? Við beinum þér í átt á hugmyndum og veitum þér innblástur.

bls.9

Skipuleggðu

Teiknaðu upp eldhúsið svo þú sjáir hvernig það mun koma til með að líta út. Við veitum þér góð ráð og leiðbeiningar.

bls.7

Mældu

Réttar mælingar eru áriðandi þar sem þær eru grunnurinn að nýja eldhúsinu. Við leiðbeinum þér.

Efnisyfirlit

bls.14

Kauptu, fáðu heim og settu upp

Þú getur gengið frá kaupunum á eldhúsinu á ýmsan máta og annað hvort tekið það með þér heim eða látið okkur um að senda þér það. Þú getur séð um alla uppsetningu, gert hluta eða fengið aðila til að sjá um það fyrir þig. Við getum leiðbeint þér eða mælt með aðila sem setur upp eldhúsið.

bls.15

Þjónusta

Þú getur gert allt sjálf/ur en þú þarft þess ekki. Hér getur þú séð þær þjónustur sem við bjóðum upp á.

bls.16

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar

Til að gera allt ferlið eins skemmtilegt og auðvelt og hægt er bjóðum við upp á bæklinga sem veita þér innblástur, 3D-teikniforrit og ýmsa leiðbeiningabæklinga sem aðstoða þig með hvert skref fyrir sig.

Finndu þinn stíl

Taktu þér tíma í að dreyma

Hér byrja draumar þínir og hugmyndir að taka á sig mynd. Hugaðu að þörfum þínum og hugmyndum um hvernig eldhúsið á að líta út. Þú finnur örugglega það sem þú þarft hjá okkur.

Finndu út hvort þú sért týpan sem vilt klassískt eldhús með mikið af sjáanlegum skúffum og smáatriðum ...

... eða nútímalegra eldhús með straumlínulaga hönnun þar sem skúffurnar eru faldar á bak við stærri framhliðar.

... eða, hugsanlega ertu mitt á milli og vilt fá það besta úr báðum heimum?

Skoðaðu vöruúrvalið og finndu þinn stíl og þá eiginleika sem þú kýst og fáðu innblástur



Í IKEA versluninni

Í versluninni getur þú skoðað uppsett eldhús í mismunandi stærðum og útliti. Opnaðu hurðir og skoðaðu innihaldið, skoðaðu mismunandi eiginleika heimilistækjanna og spjallaðu við sölufulltrúa okkar til að fá enn fleiri hugmyndir.



IKEA vefurinn

Á vefnum finnur þú fjöldann allan af fallegum og sniðugum hugmyndum. Þar er hægt að fá innblástur og leiðbeiningar um hvernig þú getur fengið draumaeldhúsið þitt. Nánar á **IKEA.is**.



Eldhúsþæklingur

Eldhúsþæklingarnir okkar eru einnig góð uppspretta hugmynda og innblásturs. Þar getur þú séð einhverja af endalausum samsetningunum sem METHOD eldhúsin bjóða upp á. Náðu þér í eintak í versluninni eða flettu honum á **IKEA.is/bæklingar**.


Mældu

Hafðu allar mælingar nákvæmar


Það er ekki erfitt að mæla eldhúsið þitt en það er mikilvægt að það sé gert rétt því málin eru grunnurinn að skipulagningunni.

Gefðu þér nægan tíma til að mæla af nákvæmni. Skráðu mælingarnar í millimetrum til að tryggja að nýja eldhúsið passi í rýmið. Svona ferð þú að:


A: Mældu rýmið



01 Byrjaðu á að mæla frá gólfi upp í loft. Mældu svo fjarlægðina milli veggja og frá hornum að hurðum.



02 Mældu alla glugga og fjarlægð þeirra frá gólfi, lofti og hornum herbergisins. Gerðu það sama við hurðir.




03 Mældu staðsetningu allra fyrirstaða í rýminu, eins og ofna, loftræstigata og lagna.

Mældu og skráðu hjá þér staðsetningu innstungna og slökkvara. Skráðu hvar þú vilt hafa þá í nýja eldhúsinu. Skráðu staðsetningu frárennslis- og vatnslagna. Ef þú ætlar að færa þær til, þarftu að skrá hjá þér hvar þær eiga að vera.




B: Mældu borðplötuna


Það er áriðandi að mæla borðplötuna rétt, sérstaklega ef þú ætlar að láta sérsníða hana.




01 Byrjaðu á að mæla borðplötuna frá horninu þar sem hún verður fest við vegginn. Tryggðu að mælingarnar séu samsíða veggnum og alltaf frá sama punktinum.



02 Þegar dýptin er mæld, skaltu byrja upp við vegg og mæla út. Ekki gleyma að bæta við 15 mm sem borðplatan á að ná út fyrir skápana.




03 Ef þú þarft að mæla fyrir frístandandi borðplötu, til dæmis á eldhúseyju, byrjar þú bara á einni hliðinni og bætir við 30 mm sem borðplatan á að ná út fyrir skápana.




Skipuleggðu eldhúsið

Ný líður að því að draumar þínir og hugmyndir taki á sig mynd.

Að mörgu er að huga. Taktu þér tíma og vertu viss um að þú fáir draumaeldhúsið þitt. Á síðunum sem koma hér á eftir höfum við tekið saman ráðleggingar og ábendingar til að hjálpa þér. Hafðu í huga hvernig þú notar eldhúsið þitt og hvað þér finnst þægilegt. Gerðu lista yfir það sem þér líkar við í eldhúsinu sem þú ert með núna og hverju þú vilt breyta?



A: Vinnuflæði



01 Gott náttúrulegt vinnuflæði á milli kælis/frystis, eldunarsvæðis og uppþvottasvæðis auðveldar þér eldhúsverkin.


Hafðu þessi þrjú vinnusvæði í huga þegar þú skipuleggur eldhúsið þitt:

Undirbúningur/matreiðsla
Uppvask
Geymsla matvæla


Staðsetning vinnusvæðanna og fjarlægðin milli þeirra er oft kallað vinnupríhyrningur. Góður vinnupríhyrningur hjálpar þér að fara fljótt og auðveldlega á milli verka í eldhúsinu – og einfaldar málið ef það eru fleiri en einn í eldhúsinu á sama tíma í mismunandi verkefnum.




A: Skipuleggðu




02 Eldhús í beinni línu er fullkomið þar sem plássið er takmarkað. Þetta er strangt til tekið ekki þríhyrningur en vinnusvæðin tengjast vel.




04 L-laga eldhús nýtir hornið vel. Þau eru tilvalin ef þú vilt bæta við litlu eldhúsborði eða eldhúseyju.




06 Ef þú hefur mikið pláss eru U-laga eldhús tilvalin. Þú færð mjög mikið pláss og mikið af geymslumöguleikum.



03 Eldhús á samsíða veggjum eru frábær þar sem margir sjá um eldhússtörfin á sama tíma. Í þeim er mikið pláss til að matreiða og geyma í.




05 Ef þú hefur pláss til að setja upp eldhúseyju færðu aukið geymslupláss, mikið vinnupláss – og frábæran stað til að safnast saman við. Hafðu 1200 mm á milli eyjunnar og annarra skápa.




Hvað má og hvað má ekki

Hér eru ráðleggingar og ábendingar um hvað skal varast til að fá sem mest úr eldhúsinu.


C: Ráðleggingar




01 Besti staðurinn til að undirbúa matseldina er milli helluborðsins og vaskins.




02 Fjarlægðin á milli gagnstæðra skápa verður að vera næg svo hægt sé að opna skápa báðum megin á sama tíma.




03 Hafðu hæð veggskápanna þannig að þeir skyggi ekki á borðplötuna.




04 Hafðu pláss við helluborðið til að taka heita potta og pönnur af hellunum og leggja á pottastand.




05 Festu háf/viftu fyrir ofan helluborðið, í þá hæð sem mælt er með í samsetningaleiðbeiningunum til að tryggja öryggi og rétta virkni.




06 Gerðu ráð fyrir klæðningum ef þú hefur veggskápa upp við háfinn/viftuna.



07 Settu 50 mm aðfellulista milli skáps og veggjar til að tryggja að nóg pláss sé til að opna skúffur og skápa til fulls.




08 Bættu við stuðningsfótum ef borðplatan nær meira en 250 mm út fyrir skápana.




09 Hafðu vaskinn og helluborðið hlið við hlið til að sleppa við að þurfa að fara með heita vökva yfir gólfíð.




D: Ábendingar




01 Ofn í vinnuhæð þýðir að þú þarft ekki að beygja þig.




02 Settu uppþvottavélina nálægt vaskinum þannig að auðvelt sé að fylla hana og tæma og til að það sullist síður á gólfíð.



03 Hafðu áhöld, potta og pönnur nálægt ofninum/helluborðinu svo allt sé við höndina. Hafðu hnífaparaskúffuna nálægt borðstofuborðinu.



04 Skúffur veita yfirsýn og gott aðgengi að innihaldinu. Bættu við mottu í skúffu til að koma í veg fyrir að innihaldið hreyfist úr stað og til að dempa hljóð.




05 Settu flokkunarfötur í skúffu undir eða nálægt vaskinum fyrir gott aðgengi.




06 Rafdrifinn þrýstiopnari er hentugur þegar þú ert með hendurnar fullar og þarft að opna skúffu með hnénu eða tánum – og til að forðast kám á hurðunum eftir klístraða putta.




07 Fullnýttu plássíð í skápunum með innri skúffum. Skápurinn getur verið rennisléttur að utan en með fullt af skúffum að innan.



08 Skúffulýsing hjálpar þér að finna það sem þú leitar að jafnvel þó að eldhúsið sé myrkvað.



09 Stilltu upp fínustu glósunum á bak við glerhurðir á hillu úr hertu gleri. Bættu við skápaljósum til að bæta stemninguna og til að rýmið sýnist stærra.




10 Notaðu veggslár og aukahluti til að nýta veggplássíð og til að rýma til á borðplötunni. Þannig getur þú líka geymt það sem þú notar of við hendina til að auðvelda þér matreiðsluna.




11 Bættu við hjólaborði eða vinnubekk ef þú hefur pláss, fyrir meiri geymslumöguleika og vinnupláss.


E: Hafðu í huga




01 Uppvaskið verður skemmtilegra ef þú setur vaskinn undir glugga. En blöndunartækin geta hins vegar verið í vegi fyrir glugganum ef hann opnast inn.



02 Takmarkað vinnupláss er við vask sem settur er upp við vegg eða í enda skáparaðar. Það truflar því vinnuflæðið.




03 Takmarkað vinnupláss er við ofn sem settur er upp við vegg. Það truflar vinnuflæðið og skapar hættu á að veggurinn verði útsettur fyrir of miklum hita og slettum frá matreiðslunni.




04 Heimilistæki eins og ofn, uppþvottavél eða háfur, sem sett eru í horn, geta hindrað að hægt sé að opna skápa og skúffur til fulls.

F: Lausnir í lítil rými


Þegar plássið er takmarkað þarftu stundum að slaka á kröfunum.




01 Hafðu vaskinn lítinn svo hann komist í 600 mm breiðan skáp. Passaðu upp á að það sé að minnsta kosti 100 mm frá vaskinum að enda borðplötunnar til að hún sé traust.




02 Reyndu að ná að minnsta kosti 400 mm plássi á milli helluborðsins og vasksins til að fá gott vinnupláss.



03 Hafðu að minnsta kosti 200 mm á milli helluborðsins og veggins til að tryggja öryggi.



04 Þú getur haft 370 mm djúpa skápa ef rýmið er of lítið fyrir 600 mm skápa.



05 Nýttu vegginn til að fá sem mest geymslupláss og til að rýma til á borðplötunni.



Kauptu, fáðu heim og settu upp

Þegar þú ert orðin sátt/ur með hönnunina á eldhúsinu er kominn tími til að panta

Við mælum með að þú komir í verslunina og talir við eldhúsráðgjafana okkar áður en þú pantar. Þeir fara yfir hönnunina með þér og aðstoða þig með það sem þú þarft aðstoð við. Þegar allt er tilbúið getur þú svo pantað.

Þú getur pantað eldhúsið þitt á þrjá vegu:

01

Hjá ráðgjafa í eldhúsdeildinni í versluninni.

02

Í gegnum síma: Hringdu í þjónustuver okkar í 520 2500

03


Í vefversluninni: [IKEA.is](https://www.ikea.is)

IKEA eldhús er hannað til þess að þú getir sett það upp sjálf/ur

Byrjaðu á að ná þér í eintak af Uppsetningabæklingnum í versluninni eða flettu honum á vefnum [IKEA.is](https://www.ikea.is)/kaupleidbeiningar. Í bæklingnum eru ráð og leiðbeiningar skref fyrir skref um hvernig þú setur eldhúsið upp. Einnig er mikilvægt að þú fylgir samsetningaleiðbeiningunum sem eru í pakkningunum fyrir hverja vöru fyrir sig.

Uppsetninga- bæklingur

Bæklingurinn veitir þér ýmis ráð og leiðbeiningar, skref fyrir skref, um hvernig þú setur eldhúsið upp sjálf/ur.



Ef þú vilt hjálpa við hluta uppsetningarinnar eða láta setja upp eldhúsið þitt fyrir þig getum við mælt með traustum aðila. Sendu okkur línu á IKEA@IKEA.is ef þú vilt nánari upplýsingar.

Þjónusta

Þú getur gert allt sjálf/ur, en þú þarft þess ekki

Við viljum gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta og bjóðum því upp á fjölbreytta þjónustu sem þú getur valið úr.

Hér sérðu hluta þeirra þjónustuleiða sem þér standa til boða.



Greiðslumáti

Þú getur greitt með þeim hætti sem hentar þér best. Við tökum við reiðufé, debetkortum og VISA og MASTERCARD kreditkortum. Þar að auki standa kreditkorthöfum til boða raðgreiðslulán og vaxtalaus lán. Þannig getur þú dreift stærri upphæðum og greitt ákveðna upphæð mánaðarlega.



Teikniþjónusta

Reynslumiklir teiknarar okkar aðstoða þig við að hanna draumaeldhúsið – og þjónustan er ókeypis. Þú gefur okkur upp málin á eldhúsinu þínu – og við komum með hugmyndir og lausnir fyrir fullbúið eldhús.




Sendingarþjónusta

Komast vörurnar ekki í bílinn? Við getum sent þér þær heim eða á skrifstofuna.




Kræktu þér í kerru

IKEA lánar lokaðar kerrur sem rúma flest það sem ekki kemst í farangursgeymsluna. Þú færð kerruna lánaða ókeypis í tvær klukkustundir, kemur nýju vörunum heim og skilar henni síðan aftur.



IKEA Home Planner teikniforritið

Með teikniforritunum okkar getur þú séð um hönnunina. Hannaðu eldhúsið, skrifstofuna, baðherbergið, fataskápana, nýja sófann og fleira á einfaldan hátt. Þú getur nálgast teikniforritin á [IKEA.is/teikniforrit](https://ikea.is/teikniforrit).



IKEA.is

Á vefnum okkar getur þú fundið fullt af sniðugum lausnum og góðum hugmyndum svo þú fáið sem mest út úr METOD eldhúsinu, hvort sem það er nýtt eða gamalt og þarfnast smá upplýftingar. Þar getur þú einnig fundið fullt af vörum sem þú getur notað til að gera draumaeldhúsið að veruleika.



Eldhús- bæklingur

Bæklingur með fullt af hugmyndum að eldhúsum í mismunandi stílflokkum og stærðum. Hér finnur þú allt frá stórum fullbúnum eldhúsum að smáatriðum sem gera hversdagslífið í eldhúsinu auðveldara og skemmtilegra.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar




METOD eldhússkápar

Þessar kaupleiðbeiningar veita þér upplýsingar um allt sem þú þarft að vita varðandi stærðir skápana sem og hvernig þú getur nýtt innvolsið á sem skilvirkastan hátt.



Eldhús og Heimilistæki

Í þessum kaupleiðbeiningum finnur þú upplýsingar um allar vörur í eldhúsið, verð, vöruupplýsingar og þá þjónustu sem þér stendur til boða til að gera draumeldhúsið að veruleika.



Uppsetninga- bæklingur

Leiðbeiningabæklingur fyrir uppsetningu á eldhúsinu veitir þér ýmis ráð og leiðbeiningar, skref fyrir skref, um hvernig þú setur eldhúsið upp sjálf/ur.

Þú getur nálgast alla bæklinga í versluninni eða flett þeim á vefnum **IKEA.is**

This image shows a full page of white paper with horizontal dotted lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page, providing a guide for handwriting practice. There are no margins, text, or other markings on the page.

[illegible]

Gátlisti

Hafðu í huga

Þegar þú kemur í verslunina til að ræða við ráðgjafa þarftu að hafa eftirfarandi atriði í huga svo að allt verði auðveldara og skilvirkara:

Þetta þarftu að hafa:

- ☐ Málin af eldhúsinu þínu
- ☐ Notandaaðganginn þinn að IKEA Home Planner

Þetta þarftu að skoða:

- ☐ Skúffur, skápa og framhliðar
- ☐ Hurðir og höldur
- ☐ Borðplötu
- ☐ Vask
- ☐ Blöndunartæki
- ☐ Ofn
- ☐ Örbylgjuofn
- ☐ Helluborð
- ☐ Háf – hvernig uppsetningu viltu?
- ☐ Kæli/frysti
- ☐ Uppþvottavél
- ☐ Lýsingu – vinnu- og stemningslýsingu

Þjónusta í boði:

- ☐ Teikniþjónusta
- ☐ Mælingar
- ☐ Greiðslumáti
- ☐ Kerruleiga
- ☐ Rúllaðu á rafmagni
- ☐ Sendingarþjónusta
- ☐ Uppsetning

Hafðu samband ef þú hefur
einhverjar spurningar:

Þjónustuver

Sími: **520 2500**
Netfang: **IKEA@IKEA.is**

